

---

## 32. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 16. mars 2016 kl. 8:15.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skóladagatal 2017-2018
2. Fulltrúar nemendaráðs
3. Fulltrúar foreldra
4. Fulltrúar grenndarsamfélags
5. Vinna við starfsáætlun og námskrá
6. Námsmat
7. Skýrsla: „Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar“
8. Önnur mál

### 1. Skóladagatal 2017-2018

Lögð voru fram drög að Skóladagatali Lækjarskóla fyrir skólaárið 2017-2018. Samþykkt var að hafa tvö vetrarfrí. Lagt er til að vetrarfrí verði alltaf fast í sömu viku ár hvert t.d. 43. viku ársins. Þetta skólaár verði það á fimmtudegi og föstudegi. Febrúarfrí var samþykkt í 8. viku.

### 2. Fulltrúar nemendaráðs

- Gizmó gekk vel.

- Nemendur sögðu að með tilkomu strætóferða þá fjölgaði ferðum á vegum skólans. Nemendur vildu meina að kennarar gætu lagt mat á hóp sinn og hvað þeir treysta sér til að gera með honum.

- Nemendur lögðu til að nemendur fái áfram sérkennslu í íslensku og stærðfærði í unglingadeild.

### 3. Fulltrúar foreldra. Í kjölfar ferðar nemenda á miðstigi í Hörpuna var rætt var um ferðamál og öryggi nemenda Lækjarskóla í strætóferðum.

### 4. Fulltrúi grenndarsamfélags. Þakkaði fyrir aðkomu áfallaráðs, stjórnenda og starfsmanna að áföllum.

### 5. Vinna við Starfsáætlun og námskrá.

Námskrá skólans er að verða tilbúin til yfirlstrar. Hún er á annað þúsund síður.

### 6. Námsmat.

Nýtt námsmat er verið að innleiða sem er mikið breytt. Umsagnir verða notaðar í aukunum mæli við námsmat. Nýir færniþættir mynda einkunn. Markmið vetrarins verða rædd á foreldrafundum. Samræmd próf verða í 9. bekk að vori.

### 7. Skýrsla: „Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar“

Skýrslan lögð fram.

Núna eru 20 nemendur í sérdeild, 9 nemendur í fjölgreinadeild og yfir 20 nemendur í móttökudeild.

Ekki var hægt að hafa athvarf fyrir einhverfa nemendur í vetur vegna húsnæðisskorts.

Písakönnun hefur komið vel út. Samræmdu prófin eru nokkuð á pari við landsmeðaltal.

Rætt var um hvort allir nemendur eigi að vera í sama umhverfi eða eiga þeir að vera í því umhverfi sem passar þeim best. Úrræðin hafa létt á öðrum skólum í Hafnarfirði. Það vekur athygli skólaráðs að enginn fulltrúi er frá Lækjarskóla í mati á sérúrræðum, en í Lækjarskóla eru þó flestar deildirnar.

## 8. Önnur mál

- Skóladagatal. Hafa á því sem flesta viðburði á skólaárinu, einnig þá sem eru á vegum Vitans og foreldrafélagsins.

Fundi slitið kl. 8:50

### Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Jórunn Kristín Fjelsted, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

Einar Örn Daníelsson, fulltrúi kennara

Heiðrún Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara

Oddný S. Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Bryndís Björk Bergsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Egill Steinar Sturluson, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Óðinn Björgvinsson, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir